DEILISKRÁNING Í EINKUNNUM, BORGARBYGGÐ

RITSTJÓRI: ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR

HÖFUNDAR EFNIS: ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR OG KRISTBORG ÞÓRSDÓTTIR

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS
REYKJAVÍK 2015
FS564-15011

Ljósmynd á forsíðu er beitarhúsum í Sauðhúsaborg (MH-108:022)

©2015
FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES
BÁRUGÖTU 3
101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033
FAX: 551 1047
NETFANG: fsi@instarch.is
www.instarch.is

EFNISYFIRLIT

1. INNGANGUR **5**

2. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF **7**

3. AÐFERÐIR VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU **9**

4. FORNLEIFASKRÁ **11**

5. FORNLEIFAR INNAN ÚTTEKTARSVÆÐIS Í EINKUNNUM **29**

HEIMILDASKRÁ **33**

HNITASKRÁ Í ISN93 ..... **35**

Viðauki 1: Kort af úttektarsvæði og fornleifum

Viðauki 2: Deiliskipulagsuppdráttur

1. Inngangur

Í árslok 2014 var gert samkomulag milli Fornleifastofnunar Íslands ses og sveitarfélagsins Borgarbyggðar um að stofnunin myndi sjá um úttekt á fornleifum innan 268 ha deiliskipulagsreits í Einkunnum í landi Hamars við Borgarnes. Umrætt svæði var girt af árið 1951 þegar skógrækt hófst á því og fyrstu áratugina var það aðallega nýtt af hestamönnum og til beitar. Árið 2006 var svæðið hins vegar gert að fólkvangi og í framhaldi af því hefur nú verið unnin tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir svæðið. Fornleifaskráning var gerð í tengslum við það.[1]

Svæðið sem tekið var út nær yfir norðvesturhluta gömlu landareignar Hamars, sem nú er í eigu Borgarbyggðar. Áður en hafist var handa við vettvangsskráningu var unnin heimildaskráning fyrir jörðina. Um hana sá Elín Ósk Hreiðarsdóttir. Elín sá einnig um vettvangsskráningu ásamt Kristborgu Þórsdóttur og Stefáni Ólafssyni í aprílmánuði 2015. Um úrvinnslu sáu bæði Elín og Kristborg en Elín ritaði skýrslu þessa og sá um kortavinnslu. Hún naut aðstoðar Evu Kristínar Dal við vörpun mæligagna. Áður en gengið var um svæðið var rætt var við Þorstein Eyþórsson, fyrrum ábúanda á Hamri sem veitti skrásetjurum gagnlegar ábendingar. Hilmar Már Arason sem var fulltrúi Borgarbyggðar var skrásetjurum einnig innan handa og eru þeim báðum færðar bestu þakkir fyrir góða hjálp. Minjastofnun Ísland lánaði Trimble-stöðvar til uppmælingar og fá fyrir það þakkir.



Einkunnir við Borgarnes sýnd með rauðum kassa á Íslandskorti. Íslandskort fengið af heimasíðu Landmælinga Íslands.

[1] Sjá nánari upplýsingar á deiliskipulagsuppdrætti í viðhengi 2.

Skýrsla þessi er byggð upp líkt og aðrar deiliskráningarskýrslur Fornleifastofnunar. Í öðrum kafla er að finna stutt yfirlit um löggjöf um minjavernd og í þeim þriðja farið yfir þær aðferðir sem notaðar voru við skráninguna. Fjórði kafli er svo sjálf skráningin en í þeim fimmta farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Aftast í skýrslunni er svo að finna kort og hnitaskrá í landshnitakerfi (ISN93 vörpun).

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað […].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar

og sveita,
d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
i. skipsflök eða hlutar þeirra.
Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í apríl 2015 fór fram úttekt á deiliskipulagsreit innan gamla lögbýlisins Hamars. Jörðin var í byggð fram til 1972 en tilheyrir nú Borgarbyggð. Við skráninguna voru loftmyndir kannaðar og reiturinn genginn þannig að góð yfirsýn fengist yfir hann. Notast var við þá vinnureglu að skilgreina að jafnaði allar fundnar minjar innan deiliskipulagsreits „í hættu vegna framkvæmda“ þó að ljóst sé að mörgum minjanna megi vel hlífa við skemmdum með réttum aðgerðum. Rétt er að geta þess að í hættumati er ekki fólgið neins konar mat á gildi minjastaða.

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Sökum þessa falla þær fornleifar sem koma við sögu í skýrslu þessari undir Hamar (BO-108). Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: BO-108:048). Fornleifaskráin hefst á stuttu yfirliti um skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi innan skipulagsreits.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í miðju hvers minjastaðar. Að auki voru gerðar sérstakar uppmælingar á hverjum minjastað með gps-stöð af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000, þar sem áætlað frávik frá miðju er innan við 1 metri. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á



Dæmi um skráningu á dæmigerðum minjastað

grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

4. Fornleifaskrá

MH-108 Hamar

1535 færir Bjarni Vigfússon Ögmundi Skálholtsbiskupi eignina Hamar til eignar ásamt forkaupsrétti af öðrum jörðum Bjarna gegn því að hann sé laus allra mála vegna „sakferla sinna og forns reikningsskapar Borgarkirkju,“ DI IX, 745
1541 er Hamar talin upp með þeim jörðum sem Ögmundur biskup átti og voru „teknar án dóms og laga undir kongsvaldið“. Þá er jörðin metin á hálft níunda hundrað. DI X, 678-680
1548-1550 er jörðin talin upp Í Fógetareikningum með konungsjörðum í Borgarfirði. DI XII, 132, 148, 168.
1552 er jörðin talin upp í Fógetareikningum með jörðum Eggerts fógeta Hannessonar sem hann borgaði leigu af til konungs. DI XII, 393
1553 er jörðin á meðal jarða sem Kristján konungur þriðji leggur til Daða Guðmundssonar leigulaust. DI XII, 522-523
1567 er Hamarslands getið í kaupbréfi Rauðaness frá sama ári en þar kemur fram að Rauðanesi fylgdi engi í Öldunesi í Hamarslandi. DI XI, 19-20.
1709: 40 hdr. JÁM IV, 368. Konungseign.
1847 er jörðin talin 20 hdr. og er þá bændaeign. JJ, 180.
Samkvæmt Gísla sögu Súrssonar keypti Ari bróðir Gísla sér land á Hamri þegar hann kom til Íslands eftir dauða Gísla og bjó þar nokkra vetur. ÍF, VI, 118.
1917: Tún 8,6 ha. Sljett 3/5. Garður 1360 m2. "Jörð í Borgarhreppi, næst vestan við Einarsnes og Lækjarkot. [...] **1932** er þar tvíbýli; nú hefur verið byggt úr landi jarðarinnar nýbýli, er heitir Brautarholt; er það ofan þjóðvegar, austan við Hamarslæk (svo). [...] Land jarðarinnar er frekar langt og mjótt, og bærinn stendur á háum hól nokkuð frá botni Hamarsvíkur. Rétt ofan við bæinn er þjóðvegurinn í gegnum land jarðarinnar,..." Ö-Hamar, 1.

Í JÁM IV, 369 segir: "Haga selur eða ljær jörðinni á vetur nábúum sínum fyrir kaup eður góðvilja, meira eða minna, [...] Enginu grandar sjór til stórskaða, og er allareiðu helmíngur þess eyðilagur. Hætt er kvikfje fyrir forröðun. Vatnsból ilt í torgröfum, þrýtur sumar og vestur og er þá stórerfitt að vanta kvikfje," Í Sýslu- og sóknarlýsingum frá 1841 segir um jörðina: ""...meðallagi beitarjörð en góð til heyskapar; ókostalítil jörð er það, þó hún eins og aðrar fleiri hér sé hraparlega niðurnídd bæði að húsum og túnum og fyrir því töluvert af sér genginn í staðinn fyrir að hafa nokkru batnað," SS MB, 86 og á öðrum stað í sömu bók (bls. 111) "Góð flæðaheyskapar- og hagajörð, skógur jörðin batnar æ meir við jarðabætur," "Í Egilssögu eru nefndir Grímólfsstaðir eftir þeim sem bjó þar fyrstur, einnig Grímólfsfit og Grímólfslækur. Þessi bær er nú ekki til, en lítil forarrás, Grímólfskelda gæti þar verið Grímólfslækur. Grímólfsfit hefur sennilega verið engið austan við bæinn, sem nefnist nú Hamarsengi. Grímólfshóll er vestan við Grímólfskeldu og minnir á bæjarnafnið. Ef til vill hefur hann verið sami bær og Hamar," segir í Íslenskum sögustöðum II, 31. "Land Hamars er stórt. Vesturhluti landsins, og meirihluti þess, er votir flóar með dreifðum lágum ásum. Vestast er töluvert birkikjarr í ásunum, en austar eru þeir víða blásnir melar eða klappir. Austan til er landið þurrara og austast, austur af bænum, eru flæðiengjar með Hamarslæknum. Hamar þótti góð jörð, landrými var mikið og örugg vetrarbeit. Engið var að vísu ekki stórt, en nærtækt, grösugt og heyið af því gott. Í landi Hamars var um tíð þurrabúð, Hamarshús. Tvö nýbýli hafa verið byggð í landi Hamars, Brautarholt og Grenigerði," segi í BB III, 343. "Þegar Borgarneshreppi var skipt úr Borgarhreppi 1913, fylgdi Hamar Borgarhreppi, en 1943 keypti Borgarneshreppur jörðina og stuttu síðar var hreppamörkum breytt þannig, að Hamar lenti

innan marka hans," segir í BB III, 343. Í Byggðum Borgarfjarðar kemur fram (bls. 343) að búskap lauk á jörðinni Hamri árið 1972. Þar segir einnig: "Áður en Borgarneshreppur keypti Hamar höfðu ýmsir Borgnesingar fengið spildur úr landi jarðarinnar til ræktunar, en eftir eigendaskiptin var túni, engjum og nokkru af ræktunarlandi skipt í skákir, sem voru leigðar hreppsbúum til afnota. Borgnesingar hafa nýtt land Hamars á ýmsan hátt. Árið 1951 girti hreppurinn af væna landspildu vestast í landinu til skógræktar, í svokölluðum Einkunnum, og nokkru síðar fékk Skógræktarfélagið Ösp landið til umráða. Á árinu 1975 leigði hreppurinn Gólfklúbbi Borgarness mestan hluta af Hamarstúninu undir golfvöll og jafnfram íbúðarhúsið sem félagið notar sem golfskála. Á sjöunda áratugnum fóru hestamenn í Borgarnesi að byggja hesthús á Vindási, vestan þjóðvegar 1. Þar er nú risið hverfi hesthúsa ásamt félagsheimili hestamanna. Árið 1979 fékk Búnaðarsamband Borgarfjarðar lóð úr Hamarslandi, vestan þjóðvegar, undir sauðfjársæðingastöð, sem það byggði árið eftir," BB III, 343

MH-108:017 *Einkunnavegur* heimild um leið 64°35.732N 21°54.273V

Í Íslenskum sögustöðum segir: "Örnefnið Einkunnir þekkist enn. [í neðanmálsgrein segir ennfremur "Árb. Fornl. 1886, 16-17; 1908, 22-23] Það er allvænt borgarmyndað holt kjarri vaxið. Það er alllangt fyrir norðan Borg. Ofan við það er nú nýlagður vegur til norðvestur að Jarðlangsstöðum og áfram út yfir Langá nokkuð fyrir ofan bæinn." Í örnefnaskrá er sama vegi lýst: "Næst ofan við veginn er langt holt, er liggur samhliða veginum og heitir Vindás. Meðfram honum lá gamli vegurinn, Einkunnavegurinn, er svo var nefndur". Vegurinn er merktur inn á herforingjaráðskort frá 1911 og innan útivistarsvæðisins í Einkunnum hefur eldri Einkunnavegur líklega legið á svipuðum slóðum og núverandi vegslóði inn á svæðið. Það er a.m.k. trú Þorsteins Eyþórssonar heimildamanns og ekki fundust greinileg ummerki um eldri veg á öðrum stöðum við skráningu á Einkunnum.



Vegurinn um Einkunnir eins og hann var teiknaður inn á Herforingjaráðskort frá 1911, milli Einkunna og Álatjarnar og áfram til Háfsvatns.

Nú liggur lítillega uppbyggður malarvegur á þessum slóðum og sumstaðar eru einnig reiðgötur nálægt honum. Ekki var komið auga á eldri minjar um Einkunnaveg við deiliskráningu 2015.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: KK Íslenskir sögustaðir II, 36 og Ö-Borg, 3.

MH-108:022 *Dilkar* tóft beitarhús 64°35.668N 21°54.491V
"Vestur af Hagabrekkum eru svo tvö holt, nefnd Dilkar, þar voru hagahús í gamla daga," segir í örnefnaskrá og síðar í sömu skrá: "Dilkarnir eru háir og strýtumyndaðir, stundum nefndir Litlu-Einkunnir..." Umrædd hagahús eru þau sömu og merkt eru Sauðhúsaborg á skipulagsuppdrátt Einkunna en þau hús eru í vestari af Dilkunum tveimur. Húsin eru um 180 m suðvestan við veginn að Einkunnum og um 250 m VNV við skurð sem er á milli Hagabrekkna og Dilkanna.

Beitarhúsin eru í lægð í vestari Dilknum til móts við vörðu sem reist var á Einkunnum

Beitarhús í Dilkunum MH-108:022. Á ljósmynd til vinstri er horft til norðurs en til austurs á mynd til hægri



Uppmæling (til vinstri) og stikuð teikning af beitarhúsum MH-108:022

til minningar um atburði í Egilssögu en gróið og deiglent sund er á milli hæðanna. Holtið sem beitarhúsin eru á er klettaholt en víða gróið mosa, lyngi og kjarri. Umhverfis beitarhúsin er þó talsvert rof og er sést þar í beran melinn. Beitarhúsin eru samtals um 17 x 10 m stór og snúa norðvestur-suðaustur. Þau eru tvískipt. Norðvestar er sjálft fjárhúsið og hlaða að baki. Tóftin hefur að mestu verið hlaðin úr grjóti en er nú talsvert gróin. Veggir hennar eru víða 0,5 m á hæð en 1-1,5 m á breidd. Sem fyrr segir eru sjálf fjárhúsin norðvestar. Þau eru 3,5-4 x 11 m að innanmáli og líklega hefur verið op á þeim á norðvestur skammvegg þótt talsvert sé nú hrunið ofan í það. Hvorki sjást merki um garða eða jötur. Að baki er hlaðan sem snýr þvert á fjárhúsin og ekki er lengur greinilegt op á milli. Hlaðan er 6 x 2,5 að innanmáli og ekkert op

sést nú á henni. Norðurveggur tóftar stendur talsvert betur en suðurveggur og eru skörð í þann síðarnefndari hér og þar og að auki er hann talsvert útflattur á kafla.
Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Hamar, 4

MH-108:023 *Hamarssel* örnefni sel
Selkelda rennur í Háfslæk. Í örnefnaskrá segir: "Upp með Háfslæk er svo stór ás, sem heitir Selás, í honum eru rústir eftir Hamarsel,". Ekki fundust leifar á svæðinu sem koma vel heim og saman við lýsingu Hamarssels.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Hamar, 4

MH-108:024 *Háfsveita* örnefni áveita 64°36.450N 21°54.026V
"Ofan við hann [Selás], upp með læknum, heitir svo Háfsveita, eða Engjaveita," segir í örnefnaskrá. Háfsveita er við Háfslæk um 400 m suðvestan við Háfssel 025. Háfslækur rennur nú í skurði. Háfsveita er gróið votlendi. Í kringum hana eru kjarri vaxin smáholt. Engin ummerki um áveitumannvirki sjást í Háfsveitu.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda
Heimildir: Ö-Hamar, 4

MH-108:025 *Háfssel* tóftir sel 64°36.584N 21°53.541V
"Verður nú haldið til baka sunnan við Háfsvatn og veituna; tekur þá við Heyás, er meðfram veitunni, en austan (svo) er svo Háfssel, um það eru merkin," segir í örnefnaskrá. Í Landamerkjalýsingu frá 1883 segir um merki Hamars og Lækjarkots: "Milli Hamars og

Háfssel MH-108:025. Á ljósmynd til vinstri er horft til ANA en til norðausturs á mynd til hægri

Lækjarkots eru merki úr grjóttanga landsunnan við Háfsvatn og er þar varða [030], þaðan eru merki í grjótvörðu [031] á Háfsflóaseli,..." Háfssel er suðvestan í holti sem er á merkjum og liggur norðaustur-suðvestur. Selið er um 180 m suðvestan við landamerkin milli Hamars og Lækjarkots, 330 m SSA við Háfsvatn og um 2 km norðaustan við sel 044. Minjarnar eru við enda holts sem er að miklu leyti kjarri vaxið en ofan á því eru stórir rofflekkir. Í kringum holtið eru mýrarflóar.

Á selstæðinu eru greinanlegar tvær tóftir á svæði sem er um 15x15 m að stærð. Tóftirnar eru grasi grónar og gengnar í þúfur. Ekki sést í grjóthleðslur en ætla má að tóftirnar séu hlaðnar úr torfi og grjóti. Tvískipt tóft A er syðst á svæðinu. Hún skiptist óljóst í tvö hólf. Tóftin er um 8x9 m að stærð og snýr norður-suður. Mesta hæð veggja er 0,5 m. Hólf I er í norðurhluta tóftar. Það virðist vera 3x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Ekki sést skýrt op á því. Hólf II er enn ógreinilegra og er það í suðurhluta tóftarinnar. Það er um 5x1 m að





Uppmæling og stikuð teikning af Háfsseli

innanmáli og snýr einnig austur-vestur. Op virðist vera á því í vesturenda. Tóft B er fast norðvestan við tóft A. Hún er einföld, er um 4x5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er í aflíðandi halla til norðvesturs. Op er á tóftinni í norðvesturenda og mesta hæð veggja er um 0,6 m. Þýft er framan við tóftina til norðvesturs. Ekki sáust fleiri greinileg mannvirki í grennd við selið. Um 40 m norðan við það er grasi gróið og þýft svæði sem er um 15x10 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki er útilokað að þar séu mannvistarleifar undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Hamar, 5 og Landamerkjalýsing Hamars

MH-108:029 heimild um landamerki 64°36.546N 21°54.099V

Í landamerkjalýsingu Hamars frá 1883 segir um merki Hamars og Jarðlangsstaða: "Milli Hamars og Jarðlangsstaða ræður Háfslækur merkjum. Fyrst (lítinn spotta) upp í flag, eða Pitt, þaðan eru merki eftir þremur þúfum sem eru í beinni röð, upp eftir engjaveitunni [sjá 024], upp í Háfsvatn..." Ætla má að þúfurnar sem nefndar eru í landamerkjalýsingunni séu manngerðar. Þær voru á merkjum vestan við Heyás sem er 280 m vestan við Háfssel 025.

Kjarri vaxið og deiglent svæði. Gömul girðing er á merkjum og var gengið eftir henni í leit að þúfunum. Engar greinilegar þúfur sáust á svæðinu sem koma til greina sem landamerki. Þær eru að öllum líkindum horfnar í votlendinu sem er á þessu svæði.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Landamerkjalýsing Hamars

MH-108:030 heimild um landamerki 64°36.758N 21°53.629V

Garðhleðslur nærri landamerkjum, horft til vesturs

Í landamerkjalýsingu Hamars frá 1883 segir um merki Hamars og Lækjarkots: "Milli Hamars og Lækjarkots eru merki úr grjóttanga landsunnan við Háfsvatn og er þar varða,..." Landamerkjavarðan var að öllum líkindum á sama stað og endastaur á landamerkjagirðingu við Háfsvatn, um 320 m norðan við Háfssel 025. Varðan var suðvestast á ílöngum hól við Háfsvatn sem er að miklu leyti kjarri vaxinn. Hóllinn snýr norðaustur-suðvestur.

Ekki sést lengur varða á merkjum við Háfsvatn en grjóthröngl er í kringum endastaur landamerkjagirðingarinnar sem kann að vera að hluta úr vörðunni. Beggja vegna við girðingarstaurinn ganga grjóthleðslur út í vatnið. Á milli þeirra eru 4-5 m og þeir liggja til norðvesturs frá vatnsbakkanum. Hleðslurnar eru 4-5 m á lengd og um 1 m á breidd næst landi. Norðaustari hleðslan er um 0,3 m á hæð næst landi en suðvestari hleðslan er um 0,2 m á hæð og er nær öll undir vatni. Hleðslurnar lækka og mjókka eftir því sem fjær dregur landi. Í hleðslunum er grjót af ýmsum stærðum og inn á milli þess eru jarðvegsleifar. Hlutverk þessara hleðslna er ekki ljóst.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Landamerkjalýsing Hamars

MH-108:031 þúst landamerki 64°36.670N 21°53.440V

Steinadreif (þúst) MH-108:031 á landamerkjum

Í landamerkjalýsingu Hamars frá 1883 segir um merki Hamars og Lækjarkots: "Milli Hamars og Lækjarkots eru merki úr grjóttanga landsunnan við Háfsvatn og er þar varða [030], þaðan eru merki í grjótvörðu á Háfsflóaseli [025],..." Háfsflóasel eða Háfssel er um 180 m suðvestan við landamerkin og ekki er hægt að skilja tilvísunina í landamerkjalýsinguna hér að ofan öðru vísi en að Háfsflóasel eigi við um holtið sem selið er suðvestan í því merkin liggja ekki yfir selið sjálft. Þar sem norðausturmerki Hamars eru

einnig hreppamörk má gera ráð fyrir að þau hafi lítið breyst og er því gengið út frá því að varðan hafi verið á holtinu sem selið er við, á svipuðum stað og merkjagirðingin er nú, árið 2015. Engin varða sést við girðingarstæðið en um 20 m suðvestan við það er grjótdreif sem kann að vera leifar af landamerkjavörðu. Mýrlent er allt í kringum holtið sem landamerkjavarðan er á. Holtið sjálft er að stórum hluta kjarri vaxið en víða eru þó rofflekkir.

Grjótdreifin er á klöpp á norðurjaðri holtsins. Hún er á svæði sem er um 2x2 m að stærð. Ekki stendur steinn yfir steini. Auðveldara er að girða yfir holtið þar sem girðingin er en þar sem meint varða er og kann það skýra fjarlægð á milli vörðu og girðingar.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Landamerkjalýsing Hamars

MH-108:032 heimild um landamerki

Í landamerkjalýsingu Hamars frá 1883 segir um merki Hamars og Lækjarkots: "Milli Hamars og Lækjarkots eru merki úr grjóttanga landsunnan við Háfsvatn og er þar varða [030], þaðan eru merki í grjótvörðu [031] á Háfsflóaseli [025] og svo þaðan á grjótvörðu norðan til á Háfsflóaseli..." Háfsflóasel eða Háfssel er um 180 m suðvestan við landamerkin og ekki er hægt að skilja tilvísunina í landamerkjalýsinguna hér að ofan öðru vísi en að Háfsflóasel eigi við um holtið sem selið er suðvestan í því merkin liggja ekki yfir selið sjálft. Þar sem norðausturmerki Hamars eru einnig hreppamörk má gera ráð fyrir að þau hafi lítið breyst og er því gengið út frá því að varðan hafi verið á holtinu sem selið er við, á svipuðum stað og merkjagirðingin er nú, árið 2015. Lýsingin á merkjunum er frá Háfsvatni til suðausturs og því hlýtur að vera misritað að frá vörðu 031 liggi mörkin í vörðu norðan til á Háfsseli. Þarna hlýtur að hafa átt að standa "... í grjótvörðu sunnan til á Háfsflóaseli." Engin ummerki um vörðu sjást á sunnanverðu holtinu. Mýrlent er allt í kringum holtið sem landamerkjavarðan var á. Holtið sjálft er að stórum hluta kjarri vaxið en víða eru þó rofflekkir. Ekki er ljóst hver afdrif vörðunnar urðu en ekki er ólíklegt að grjót úr henni hafi verið notað til að hlaða í kringum staura í girðingunni á merkjum.

Heimildir: Landamerkjalýsing Hamars

MH-108:040 heimild um sögustað 64°35.677N 21°54.685V

Í Íslenskum sögustöðum segir: "Í Egilssögu (289) er frá því sagt, að þegar Þorsteinn er á heimleið frá Grísatungugarðinum, sem hann var að líta eftir og var staddur rétt fyrir ofan þingstaðinn, kom einn manna hans hlaupandi og sagði húsbónda sínum með leynd að hann hefði um daginn verið uppi á Einkunnum í fjárleit og hefði þá séð spjót og skjöldu blika við skóginn fyrir ofan vetrarveg, þ.e. veg sem farið var um vetur, þegar mýrar voru frosnar. Þorsteinn tekur á það ráð að taka á sig krók á heimleiðinni [...] Seinna fréttist, að Steinar, óvinur Þorsteins, hafi þennan dag setið uppi við Einkunnir við tólfta mann. [...] Örnefnið Einkunnir þekkist enn. [í neðanmálsgrein segir ennfremur "Árb. Fornl. 1886, 16-17; 1908, 22-23] Það er allvænt borgarmyndað holt kjarri vaxið. Það er alllangt fyrir norðan Borg. Ofan við það er nú nýlagður vegur til norðvestur að Jarðlangsstöðum og áfram út yfir Langá nokkuð fyrir ofan bæinn." Syðri- og Nyrðri

Minnismerki um vígið við Einkunnir sem segir frá í Egilssögu

Einkunnir eru há skógi vaxin holt. Suðvestan undir Nyrðri-Einkunnum er sel 044. Á Syðri Einkunnum er minnisvarði um frásögnina í Egilssögu, 2 m há varða sem girt er stórri keðju. Á henni er skjöldur sem á stendur "EINKUNNIR... Skinu við tólf spjót og skildir nokkurir."
Heimildir: KK Íslenskir sögustaðir II, 36, Árb. Fornl 1886, 16-17; 1908, 22-23

MH-108:041 varða 64°35.749N 21°55.016V
Varða er uppi á Nyrðri-Einkunnum um 100 m norðvestan við vörðu 048 og um 100 m norðaustan við sel 044. Varðan virðist vera hlaðin upp úr rústum eldra mannvirkis.
Varðan stendur nokkuð hátt og er á hól. Næst hólnum er kjarrgróður en fjær tekur við barrskógur. Merkt gönguleið liggur að vörðunni og framhjá henni. Um 4 m austan við vörðuna er búið að setja 3 steina saman í hrúgu. Undir vörðunni er grunnur mannvirkis sem er um 3x2 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Í suðausturenda hans er varðan sem er um 1,5x1,5 m að stærð. Hún er um 0,8 m á hæð Neðst í vörðunni sjást fjögur umför hleðslu en svo tekur við hrúga af grjóti. Sumu af því hefur nýlega verið bætt í hrúguna. Ekkert er vitað um hlutverk þess mannvirkis sem er undir vörðunni en það kann að hafa verið smalakofi. Ekki er heldur ljóst hversu gömul varðan er eða í hvaða tilgangi hún var hlaðin.

Varða MH-108:041 á Nyrðri-Einkunnum, horft til suðvesturs

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-108:042 garðlag landamerki 64°36.308N 21°52.694V
Sigið garðlag liggur á milli lítils áss og holts í austurhorni þess svæðis sem tilheyrir fólkvanginum Einkunnum. Garðurinn er um 800 m suðaustan við Háfssel 025. Garðurinn liggur um þýft deiglendi.

Garðurinn er um 110 m að lengd og liggur norðvestur-suðaustur. Hann er 1,5-2 m á breidd og 0,2-0,3 m á hæð. Garðurinn er torfhlaðinn, siginn og genginn í búfur. Gömul girðing er á suðvesturjaðri garðsins og ný girðing er fast norðaustan við hann. Ekki sést

Garður MH-108:042, horft til suðausturs

garður annarsstaðar á norðausturmerkjum.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-108:043 þúst 64°36.187N 21°33.994V

Áberandi hóll eða þúst er á Þvertöglum sunnarlega. Hóllinn virðist við fyrstu sýn náttúrulegur en við nánari skoðun virðist líklegra að hann sé mannaverk. Þegar hóllinn var skoðaður var talsverður snjór og gagnlegt gæti verið að kanna hann betur þegar autt er. Hér er hann látinn njóta vafans og skráður sem möguleg fornleif. Þústin er á holti en umhverfis það eru miklar mýrar. Umhverfis þústina vex mikið kjarr og runnagróður en talsvert hefur blásið upp víða umhverfis.

Þúst MH-108:043, horft til ASA

Hóllinn rís skarpt upp úr landinu umhverfis og er 1,2-1,4 m hærri en umhverfið. Hann er flatur að ofan og ekki er að sjá nein "hólf" í honum. Þústin er regluleg með fremur bein horn. Hún er um 8-9 x 6 m að stærð. Ekki er ljóst hvaða hlutverki hún gegndi en útlit hennar nú minnir mest á heystæði þótt umfangið sé öllu meira en dæmigerð heystæði. Sem fyrr segir er ekki að sjá hólfaskipan innan tóftar en dálítil dæld er í norðvestur vegg hennar og má vera að þar hafi verið op. Svo virðist sem stórir grjóthnullungar séu í þústinni en hún er algróin og að auki þakin snjó þegar hún var skoðuð.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

Uppmæling á meintri þúst MH-108:043

MH-108:044 tóftir sel 64°35.706N 21°55.091V

Minjar um sel eru við suðvesturenda Nyrðri-Einkunna, um 2 km suðvestan við Háfssel 025. Ekki er ljóst frá hvaða bæ selið er en staðsetning þess kemur ekki heim og saman við lýsingar á staðsetningu Hamarssels 023 í örnefnalýsingu en samkvæmt henni var Hamarssel á Selási sem var upp með Háfslæk.

Seltóftirnar sem fundust eru suðvestan undir lágu klettabelti á stórþýfðu svæði. Til suðurs er kjarri vaxið deiglendi og til vesturs hallar landinu ofan í mýrlendi.

Fimm tóftir sjást á svæði sem er um 30x22 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftirnar eru allar grónar og gengnar í þýfi. Tóftir A-C virðast hafa verið torf- og grjóthlaðnar en tóftir D-E hafa líklega eingöngu verið grjóthlaðnar. Tóftirnar fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingunni hér á eftir sem hefst á Tóft A sem er stærst og er á miðju svæðinu. Tóft A er byggð

Uppmæling (ofar) og stikuð teikning af tóftum MH-108:044

utan í holtið Nyrðri-Einkunnir. Hún er um 16x8 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin skiptist í fjögur hólf en eitt þeirra er mjög óljóst. Hólf I er í norðvesturenda. Það er um 6x2 m að innanmáli, breiðast í norðvesturenda. Op er úr því út úr tóftinni til suðvesturs og inn í meint hólf II til suðausturs. Hólf II er um 4x1,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hólf III er suðaustan við hólf II. Það er um 5x1 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Op er á því til suðvesturs. Hólf IV er suðvestan við hólf III. Það er um 2x1,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Op er á því til suðvesturs. Veggirnir í tóftinni eru

0,4-1 m á hæð. Hvergi sést í grjóthleðslur. Tóft B er um 3 m vestan við tóft A. Hún er einföld, um 6x4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir í tóftinni eru 0,5-1 m á hæð. Tóft C er 5 m suðvestan við tóft A. Hún er um 10x5 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Tóftin virðist skiptast í tvö hólf og óljóst op er á henni á vesturhlið. Í suðurenda er hólf I sem er um 2x1,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Óljóst op er á því í norðvesturhorni. Í norðurenda er hólf II en innanmál þess er óljóst. Það er um 3x1 m að innanmáli og snýr norður-suður. Óljóst op er á því til suðurs og út úr tóftinni til NNV. Veggir tóftarinnar eru 0,5-1 m á hæð. Tóft D er um 2 m suðaustan við tóft A. Óljós veggur tengir tóftir A og D. Tóft D er einföld, um 6x4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki er hlaðinn veggur fyrir norðausturhlið. Veggir tóftarinnar eru 0,7 m á breidd og 0,3-0,5 m á hæð. Fast suðaustan við tóft D er lítil ógreinileg tóft E. Hún er einföld, um 3x2 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur.

Á ljósmynd til hægri er að finna yfirlit yfir tóftasvæði MH-108:044 til vinstri og mynd af tóft C til vinstri.

Hún er hlaðin norðvestan við stórþýfða þúst sem kann að vera manngerð en ekkert tóftarlag er á henni og hún getur einnig verið náttúruleg. Ekki er skýrt op inn í tóft E. Fast norðvestan við tóft A er þúfnalaust svæði G sem hefur nokkuð reglulega lögun. Það er um 5x3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Það kann að hafa þjónað einhverju hlutverki. Ekki sáust fleiri mannvirki á svæðinu en ekki er útilokað að þau séu fleiri og leynist í þýfinu.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-108:045 garðlag 64°36.162N 21°53.617V

Fornlegt garðlag er í mýrarsundi til vesturs frá norðurenda Myrkholts og að öðru holti austar sem er í framhaldi af Þvertöglum. Garðurinn er í mýri milli tveggja kjarri vaxinna holta og liggur göngustígur um svæðið yfir mýrina á garðinum.

Garðurinn er samtals um 40 m langur og allt að 4 m breiður en 0,3 m á hæð. Hann er algróinn. Skarð er í hann miðja og hann endar í kíl að

Garðlag MH-108:045, horft til ASA

vestan. Garðurinn réði staðsetningu stígsins enda þótti hentugt að geta gengið þurrum fótum yfir mýrarsundið.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-108:046 tóftir stekkur 64°35.696N 21°55.024V
Tvær tóftir og þúst eru um 40 m austan við sel 044 suðvestan undir háum hamrakletti við suðvesturenda Nyrðri-Einkunna. Í hlíðinni suðvestan í holtinu er grasi gróið og þýft. Á



Uppmæling og stikuð teikning af tóftum MH-108:046

flatlendinu til suðurs og vesturs tekur við kjarri vaxið deiglendi.

Minjarnar eru á svæði sem er um 14x9 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Þær fá bókstafi til aðgreiningar í lýsingu. Tóft A er norðvestast á svæðinu. Hún er hlaðin undir 6 m

MH-108:046 stekkur. Á vinstri mynd er horft til norðvesturs en til suðausturs á mynd til hægri

háan hamravegg og er um 7x4 m að stærð. Hamraveggurinn myndar norðausturvegg hennar.Tóftin er einföld og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er gróin en virðist vera að mestu grjóthlaðin. Ekki sést veggur fyrir norðvesturenda þó að líklegt sé að þar hafi verið veggur og op. Tóftin breikkar til norðvesturs. Mesta hæð veggja er 0,3 m. Upp við hamravegginn er laust grjót um 2 m suðaustan við norðvesturenda tóftarinnar. Líklegra er að það sé til komið vegna hruns úr hamrinum en að grjótið sé hluti af tóftinni. Tóft B er fast suðaustan við tóft A. Hún er í halla mót suðvestri og hlaðin við stórt bjarg sem hrunið hefur úr holtinu. Það myndar suðausturvegg tóftarinnar. Tóftin er einföld og er um 4x5 m að stærð. Hún snýr norðaustur-suðvestur og virðist vera torf- og grjóthlaðin. Op virðist vera á tóftinni á norðvesturhlið. Norðausturhluti tóftarinnar er óskýr en þar hann hefur verið grafinn inn í hlíðina og sést aðeins innri brún veggja. Veggir tóftarinnar eru nánast útflattir en eru hæstir 0,5 m í vesturhorni. Fast sunnan við tóft B er þúst C sem er um 3x3 m að stærð. Norðausturhlutinn virðist grafinn inn í hlíðina og hlaðið er undir suðvesturhlutann. Hlutverk þessara minja er ekki þekkt en þó gæti tóft A verið gamall stekkur. Minjarnar eru mögulega í tengslum við sel 044.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-108:047 varða 64°35.766N 21°53.802V

Þorsteinn Eyþórsson heimildamaður mundi eftir vörðu á einhverju af holtunum austan við Álavatn en hélt að hún væri alveg hrunin. Á einu holtanna er hins vegar stæðileg varða og er hún skráð undir þessu númeri. Varðan er greinilega fremur nýlega hlaðin/endurhlaðin en ekki er ólíklegt að það hafi verið á grunni eldri vörðu sem Þorsteinn mundi eftir. Varðan er tæpum 100 m austan við Álavatn og um 320 m norðaustan við veginn í Einkunnir. Varðan er á holti milli Álabungu og Myrkás en tvö holt eru á þessum slóðum og er varðan á því minna. Holtið er vaxið lyngi og mosa en er grýtt á köflum og gróðurhulan þunn.

Varða MH-108:048, horft til suðurs

Varðan er 1,8 x 1,2 m að grunnfleti og mjókkar upp. Hún snýr nálega austur-vestur og er mest 1,4 m á hæð. Varðan er hlaðin úr fremur smáu grjóti og það er hvorki vaxið skófum eða mosa. Líklega hefur hún ekki staðið í þessari mynd um mjög langt skeið. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-108:048 varða 64°35.701N 21°54.969V

Varða MH-108:048, horft til suðurs

Skófum vaxin varða er syðst uppi á Nyrðri-Einkunnum um 30 m norðan við rétt 050 og um 100 m suðaustan við vörðu 052. Varðan er suðvestan við þéttasta skóginn á Nyrðri-Einkunnum þar sem eru berar klappir innan um birkikjarr og annan gróður.

Varðan er um 1 m í þvermál að grunnfleti og 0,5-0,6 m á hæð. Í henni sjást 3-4 umför. Varðan stendur allhátt en er þó ekki á hæsta punkti. Hún sést frá Nyrðri Einkunnum og frá vörðu 052. Hlutverk vörðunnar er ekki þekkt. Sunnan við hana eru fjögur vörðubrot sem hafa nýlega verið hlaðnar úr smáu grjóti. Þær eru örugglega ekki fornleifar og því ekki skráðar sérstaklega.

Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-108:049 tóft 64°35.762N 21°53.824V

Heldur óverulegt mannvirki er sunnan undir klettaborginni sem varða 047 er á og um 75 m ASA við Álavatn. Mannvirkið er við syðra holtið af tveimur sem er milli Álabungu og Myrkáss. Norðar er stæðilegur klettaás eða holt en sunnar kjarri vaxnar mýrar. Mannvirkið virðist



Hleðsla MH-108:049. Á uppmælingu til vinstri má einnig sjá vörðu 047. Til hægri er stikuð teikning.

einfalt að gerð og gert úr mjög stóru grjóti. Það virðist óverulegt en erfitt er þó að dæma um það þar sem grjótið er yfirgróið af sinu. Mannvirkið virðist byggt upp við klettinn og hefur ekki verið norðurveggur á því. Austur- og suðurveggir eru sæmilega skýrir en óljóst er hvar mannvirkið endar til norðurs. Líklega hefur þetta verið einhvers konar gerði eða rétt. Það er 13 x 3,5-4 m að stærð og er mögulegt að op hafi verið á miðjum suðurvegg þess. Veggir eru 0,3 m á hæð. Þýfi er í framhaldi af gerðinu bæði til austurs og vesturs og má vera að þar hafi verið frekari veggir. Suðausturhorn gerðisins er hornrétt og styrkir þá kenningu að þetta sé

Hleðsla MH-108:049. Á mynd til vinstri er horft til VNV en til vesturs á mynd til hægri

ekki hrun úr klettunum sunnanvið en mannvirkið er óverulegt og virðist ekki sérstaklega vandað. Mögulegt er að það sé ekki ýkja gamalt.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-108:050 tóft rétt 64°35.684N 21°54.984V
Grjóthlaðin rétt er suðvestan undir hamravegg í suðvesturenda Nyrðri-Einkunna. Hún er um 30 m sunnan við vörðu 048 og um 40 m suðaustan við stekk 046. Réttin er hlaðin á milli stórra bjarga sem fallið hafa úr holtinu. Hún er í töluverðum halla til suðurs. Innan hennar er grasi og lyngi vaxið. Utan réttarinnar er kjarrgróður næst hlíðinni en svo taka við ógrónir melar til suðurs.



Rétt MH-108:050. Mynd til vinstri sýnir uppmælingu en teikning til hægri stikaða mælingu

Réttartóft MH-108:050, horft til vesturs á mynd til vinstri en til suðausturs á mynd til hægri

Tóftin er um 20x10 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Hamraveggurinn

myndar norðurvegg réttarinnar. Hún breikkar til vesturs og þar hefur líklega verið op inn í hana. Hleðslur eru nánast allar hrundar. Mesta veggjahæð er um 0,4 m en víðast eru veggir 0,2-0,3 m á hæð. Tvö umför sjást á einum stað.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-108:051 varða 64°35.745N 21°54.387V

Varða MH-108:051, horft til norðausturs

Nokkuð sigin og skófum vaxin varða er á vestari Dilknum um 30 m suðvestan við veg í Einkannir og um 150 m SSV við beitarhús 022. Varðan er á holti sem að hluta er gróið lyngi, mosa og kjarri en að hluta til blásið.

Varðan er mest tæpur 1 m í þvermál og 0,3 m á hæð. Steinar hennar eru skófum og mosa vaxnir. Ekki er vitað í hvaða tilgangi varðan var hlaðin.
Hættumat: hætta, vegna framkvæmda

MH-110 Borg

Um 890: Landnámsbær sem nefndur er í Landnámu, Egilssögu og Sturlungu. ÍF I, 71, ÍF II, 73 og Sturlunga saga I, 210.
1120: Máldagi, "Nú hefir henni [Ferjubakka] verið nýlega skipt fyrir Borg á Mýrum, [...]." DI I, 174.
1619: "Þorleifur Bjarnason telur syni sínum, Oddi, hundrað hundaða í þessum jörðum: Borg í Borgarfirði, 80 hndr." Jarðabréf frá 16. og 17.öld, 47.
1686/95: Í byggð. Einkaeign metin á 76 hdr. ´86 og 60 hdr. ´95. The Old Icelandic Land Registers, 154.
Í byggð 1703 og 1835 samkvæmt manntölum Þjóðskjalasafns Íslands.
1707: 60 hdr. Kirkjustaður. JÁM IV, 369.
1801: Borg í byggð í Borgarsókn samkvæmt manntali vesturamts, 26.
1845: Borg í byggð í Borgarsókn samkvæmt manntali vesturamts, 25.
1847: 40 hdr. 1847. Bændaeign. JJ, 129.
"Þessari jörðu er sundur skift í þrjá bæi, sem eru annar í úthögum, annar við heimatúnið..." JÁM IV, 369
Árið 1703 eru þrjú býli talin á jörðunni, Kárastaðir [MH-109], Suðurríki [MH-111:001] og Klaufarkot [MH-110:021], þá í eyði. JÁM IV, 369-372.
Í Byggðum Borgarfjarðar III segir: "Borg á Mýrum er landnámsjörð Skallagríms Kveldúlfssonar. Jörðin hefur ávallt verið höfuðból og kirkjustaður frá fyrstu árum eftir kristnitöku. Frá 1849 hefur jörðin verið prestssetur." BB III, 187.
Í Sýslu- og sóknalýsingum segir: "Því næst kemur svo sem hálfa stekkjarleið út frá Kárastöðum [MH-109] landsnámsjörðin Borg og hjáleigan Suðurríki [MH-111] er stendur þétt

við Borgarfjörð sem tekur nafn af henni, svo að flæðir upp í túnlækinn; er Borg með hjáleigunum Suðurríki og Kárastöðum 60 hndr. að dýrleika." SSMB, 86.
Í Byggðum Borgarfjarðar III segir: "Borgarnes var hluti Borgarhrepps þar til 1913, þegar hreppnum var skipt og Borgarnes varð sjálfstætt hreppsfélag. Þá var landrými Borgarness ákveðið, viss hluti úr landi Borgar [MH-109], sem takmarkaðist af Grímólfskeldu að ofan og Engjaási að vestan, Innan þessa lands voru Kárastaðir [MH-109], sem þá fylgdu Borg, en voru nýttir frá Suðurríki [MH-111], afbýli Borgar." BB III, 333.
1707: "Fóðrast kann vi kýr, i hestur til gjafar, xxiiii lömb, l ær, x hestar á útigangi, bjarglausir ef að herðir. Afrjett á Lángavatnsdal [...] Raftviðarskógur fer mjög til rýrðar, til kolgjörðar [035] og eldiviðar er hann enn nú nægur. Torfrista og stúnga viðsæmandi [034]. Móskurður til eldiviðar nægur [031]. Eggver í Borgareyjum lítilsháttar. Dúntekja er ekki yfir fjórðung á ári. Lundatekja og fiðurtekja brúkast ekki til gagns. Selveiðivon í ítaki því, sem kirkjan á [...] þar sem Selsker heitir; brúkast lítt. Laxveiði á jörðin í Norðurá [...] Hún er nú ekki að gagni í margt ár. Engjaítak á jörðin í Hamarsengi [...] Engjatak á Gufufit [...] Það brúkast árlega. Heimaengið er mjög fordjarfað og nær ónýtt í 14 ár [...] Hætt er kvikfje fyrir sjáfarflæðum og holgryfjulækjum, og verður oftlega til stórskaða. Ekki er óhætt húsum og heyjum fyrir stórviðrum. Heimræði er ekki öðruvísi en sagt er um Einarsnes." JÁM IV, 369-371.
1917: Tún 4,4 ha. Sljett 2/7. Garður 1560 m2. Í Byggðum Borgarfjarðar III segir: "Land jarðarinnar er að mestum hluta votir flóar, sem allháir klapparásar með stefnu frá norðaustri til suðvesturs skipta víða í flóasund. Norðan til í landinu, fjær bæjarhúsunum, er víða birkikjarr í ásunum. Borgareyjar, tvær eyjar í miðjum Borgarfirði, allfjarri landi, heyra undir jörðina. Þar munu áður hafa verið allmikil hlunnindi af fugla- og selveiði, en eru nú lítið sem ekkert nýtt." BB III, 187.
Í Sýslu- og sóknarlýsingum Mýrarsýslu segir: "Heyskapur er víður, rýr og ónógur en fjárbeit nóg og góð, skógur. Tún hefir batnað við sléttanir. Skammt suður úr túni." SSMB, 111. Þar segir einnig: "Hún er sæmileg landkostajörð að því sem beitiland áhrærir vetur og sumar fyrir sauðfénað en heyskapur er hvörtki mikill né góður, votsöm jörð er Borg, þó ókostalítil og liggur ekki undir sérlegum skemmdum eða áföllum þó hún töluvert hafi af sér gengið eins og aðrar jarðir hér, einkum hvað túnin og húsaviðhaldið áhrærir."

MH-110:028 varða landamerki 64°35.627N 21°54.747V

Varða MH-110:028, horft til austurs

Varða, líklega landamerkjavarða, er á Einkunn, um 3,6 km norðan við bæ 001 en tæpa 400 m suðvestan við veg inn í Einkunnir. Varðan er um 115 m suðvestan við aðra vörðu á sömu borg sem var reist fremur nýlega til að minna á staðsetningar úr Egilssögu. Varðan var upphaflega skráð við aðalskráningu á Borg en staðurinn er innan útivistarsvæðisins á Einkunnum og var því heimsóttur aftur við

deiliskráningu þar 2015 og kom þá í ljós að varðan hafði verið rifin að hluta en smásteinum aftur safnað á sama stað. Hár klettaás vaxinn lyngi og trjám.
Varðan er innan við 1 m í þvermál og 0,6 m á hæð. Ekki er unnt að skera úr um hvort hún sé forn.
Hættumat: engin hætta

5. Fornleifar innan úttektarsvæðis í Einkunnum

Fornleifaskráning innan marka Einkunna var unnin í apríl 2015. Tveir dagar voru nýttir til göngu um svæðið og gengu þrír fornleifafræðingar um svæðið. Fyrri daginn sem gengið var um svæðið var nokkur snjóþekja á svæðinu sem hamlaði góðri yfirsýn nokkuð en síðari daginn var svæðið að mestu autt. Veðurskilyrði voru annars mjög góð, heiðríkt og skyggni gott báða daga.

Fólkvangurinn Einkunnir eru tæpir 270 ha að stærð. Svæðið er á Mýrum rétt ofan Borgarness og liggur malarvegur þangað frá þjóðvegi 1. Norðurhorn úttektarsvæðis nær inn í Háfsvatn en á svæðinu er að auki myndarleg tjörn, Álatjörn. Svæðið einkennist annars vegar að miklu deiglendi og tjörnum og hins vegar holtum sem oftast eru fremur lág. Víða vex mikill lággróður og kjarr og flest holtin eru á kafi í nokkuð hávöxnu kjarri. Allra suðvestast á athugunarsvæðinu er svo þétt skógrækt en talsverð trjárækt hefur verið stunduð á svæðinu í meira en hálfa öld. Þar er einnig að finna reisulegu klettaborgirnar sem svæðið dregur nafn sitt af, Einkunnir. Ætla má að svæðið hafi mest verið nýtt fyrir útbeit í gegnum aldirnar og endurspeglast sú nýting í minjunum sem skráðar voru.

Þrátt fyrir að gengið hafi verið skipulega um allt svæðið var í raun ekki hægt að leita af sér allan grun. Á holtum þar sem fornleifa var helst að vænta skyggði birkikjarr víða á góða yfirsýn og á sunnaverðu svæðinu torveldaði þétt skógrækt á kafla fulla yfirsýn. Snjóalög fyrri hluta úttektarinnar gerðu skrásetjurum einnig lífið erfiðara. Þrátt fyrir þetta var gengið kerfisbundið um svæðið og leitað að fornleifum, bæði þar sem þeirra mátti vænta fyrir fram og þar sem engar vísbendingar voru um að minjar gætu leynst. Niðurstaðan var að 22 minjastaðir voru skráðir á svæðinu en flestir þeirra voru áður óþekktir.

Minjarnar voru nokkuð fjölbreytilegar en vörður voru algengastar. Samtals voru skráðar vörður á níu stöðum innan svæðisins. Vörðurnar í Einkunnum eru nokkuð fjölbreytilegar. Við skráningu voru ekki skráðar vörður sem augljóslega virtust nýlegar en hins vegar var í mörgum tilfellum erfitt að fullyrða mikið um aldur varðanna og voru þær þá látnar njóta vafans. Algengast er að vörðurnar hafi verið reistar til að marka landamerki (MH-108:029-032 og MH-110:028). Lítil ummerki um landamerkjavörðurnar fimm sjást lengur þó að grjótdreif hafi fundist í námunda við merkjagirðingu á einum stað. Varða, sem mögulega var talin á merkjum við Borg hafði verið skráð við aðalskráningu þar (MH-110:028) 2008 en

þegar staðurinn var skoðaður að þessu sinni virtist talsvert hafa verið hreyft við vörðunni þótt grjót hefði aftur verið týnt saman á svipuðum stað. Aðrar vörður sem skráðar voru höfðu óljósari tilgang. Tvær aðrar vörður voru skráðar á Einkunnum (MH-108:041 og MH-108:048), varða fannst á Dilkum skammt frá veginum upp í Einkunnir (MH-108:051) og varða var skráð á ónefndu holti skammt suðaustan við Álatjörn (MH-108:047). Þar mundi Þorsteinn Eyþórsson heimildamaður eftir vörðubrotum frá fyrri tíð en varðan sem skráð var hefur klárlega verið endurhlaðin. Þær vörður sem ekki voru á merkjum hafa vafalaust flestar verið reistar sem kennileiti eða til að auðvelda ferðir um svæðið. Í flokk samgönguminja fer einnig gamli Einkunnavegurinn (MH-108:017) sem var lagður á svipuðum slóðum og núverandi vegur á seinni hluta 19. aldar og telst sú vegagerð til fornleifa. Engar leifar fundust af eldri vegi innan deiliskipulagsreits og hefur hann líklega legið meira og minna á sama stað og núverandi vegur þar. Ljóst er að götur hafa legið á þessum slóðum um aldaraðir.

Talsverðar minjar um útbeit og seljabúskap fundust á svæðinu. Þar voru skráð tvö sel. Þar er annars vegar Háfssel (MH-108:025) sem er um 300 m suðaustan við Háfsvatn, sunnarlega á holti sem er á merkjum. Háfssel er merkt inn á deiliskipulagsuppdrátt svæðisins en á röngum stað. Þar eru tvær óljósar tóftir og er önnur margskipt. Ekkert er vitað um hvenær haft var í seli á þessum stað og lítið er í raun vitað um hann annað en örnefnið. Önnur tóftaþyrping sem líklega er einnig sel (MH-108:044) var skráð við suðvesturenda Nyrðri-Einkunna, um 2 km suðvestan við Háfssel 025. Staðsetning þess kemur ekki heim og saman við lýsingar á staðsetningu Hamarssels (MH-108:023) í örnefnalýsingu en ekki tókst að finna tóftir sem áttu vel við lýsingu á staðsetningu þess. Undir Nyrðri-Einkunnum fundust hins vegar fimm tóftir í hnapp á svæði sem er um 30x22 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftirnar eru allar grónar og gengnar í þýfi og umfang þeirra og staðsetning bendir sterklega til að þær hafi verið sel.

Auk seljanna fundust leifar um hagabeit og skepnuhald á nokkrum öðrum stöðum. Á deiliskipulagskort var merkt beitarhúsið Sauðhúsaborg (MH-108:022) sem var á svokölluðum Dilkum sem eru NNV af Hagabrekkum en suðaustur af Einkunnum. Þar eru stæðileg beitarhús og hlaða í lægð í borginni. Tóftin er í góðu ástandi en umhverfis hana er talsvert rof sem ógnar henni.

Á þremur öðrum stöðum fundust mannvistarleifar sem talið var að gætu verið til

marks um sauðabúskap á svæðinu þótt misskýrar væru. Tvær tóftir og þúst (MH-108:046) eru um 40 m austan við selið sem skráð var suðvestan undir háum hamrakletti við suðvesturenda Nyrðri-Einkunna (MH-108:044). Minjarnar eru á svæði sem er um 14x9 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hlutverk þessara minja er ekki þekkt en þó gæti tóft A verið gamall stekkur. Minjarnar eru líklega í tengslum við áðurnefnt sel. Skammt frá þessum stað fannst einnig grjóthlaðin rétt (MH-108:050). Hún er suðvestan undir hamravegg í suðvesturenda Nyrðri-Einkunna. Ekkert er vitað um réttina frekar en aðrar minjar á þessum stað en ekki er ólíklegt að þær tengist allar seljabúskap undir Nyrðri Einkunnum.

Óljósar leifar sem virðast vera manngerðar og gætu einnig verið lítil rétt eru suðvestan við lítið holt austan við Álatjörn (MH-108:049). Ekkert er vitað um hlutverk staðarins. Á enn öðrum stað á svæðinu fundust óræðar leifar. Það var möguleg þúst (MH-108:043) sem fannst sunnarlega á Þvertöglum. Hóllinn virðist við fyrstu sýn náttúrulegur en við nánari skoðun virðist líklegra að hann sé mannaverk. Þegar hóllinn var skoðaður var talsverður snjór og gagnlegt gæti verið að kanna hann betur þegar autt er. Því var hann látinn njóta vafans og skráður sem möguleg fornleif.

Tvö garðlög voru skráð á svæðinu. Annað þeirra er á merkjum að norðanverðu (MH-108:042) og líklegast er það hafi verið merkjagarður en hinn garðurinn (MH-108:045) liggur í mýrarsundi til vesturs frá norðurenda Myrkholts og að öðru holti austar sem er í framhaldi af Þvertöglum. Göngustígur um svæðið hefur verið lagður yfir mýrina á sama stað. Ekkert er vitað um í hvaða tilgangi þessi garður var reistur en hugsanlegt er að hann hafi verið gerður til að auðvelda umferð um svæðið.

Auk þeirra minja sem þegar eru upptaldar var skráð meint áveita, Háfsáveita (MH-108:024) nærri norðurmerkjum en engin ummerki fundust um mannvirki á þeim slóðum og því er ljóst að hafi einhvern tíma verið áveita á þessum slóðum, innan deiliskipulagsreits, þá eru öll ummerki um hana horfin. Einkunnir sjálfar voru auk þess skráðar þar sem staðurinn er frægur sögustaður (MH-108:040).

Allar þær fornleifar sem fjallað er um hér eru taldar í hættu vegna mögulegra framkvæmda í framtíðinni.[2] Hér er „framkvæmdir“ notað sem regnhlífarhugtak um allar þær

[2] Með þeirri undantekningu þó að tóft á Sauðhúsaborg (MH-108:022) var talin í mestri hættu út af uppblæstri.

breytingar sem geta orðið á svæðinu þar sem það er útivistarsvæði og því fylgja ýmiskonar framkvæmdir s.s. stígagerð, bygging hreinlætis- og nestisaðstöðu, möguleg vegagerð eða lagning bílastæða o.s.frv. auk skógræktar sem verður haldið áfram á svæðinu. Það er hins vegar rétt að taka fram að þrátt fyrir að fornleif teljist í hættu er ekki þar með sagt að rask á henni sé óhjákvæmilegt, aðeins að hún sé inni á áhrifasvæði þar sem framkvæmda er að vænta. Í mörgum tilfellum ætti að vera auðvelt, í samvinnu við Minjastofnun Íslands, að tryggja það að framkvæmdir skemmi ekki fornleifar. Ljóst er að sumar af þeim fornleifum sem fundust á svæðinu gætu hentað vel til að auka á útivistargildi svæðisins með góðri kynningu. Oft getur verið erfitt fyrir almenning að átta sig almennilega á lagi eða hlutverki tófta en með því að deila upplýsingum, ljósmyndum sem teknar væru við bestu skilyrði og teikni-/kortagögnum væri hægt að miðla upplýsingum um suma af áhugaverðari stöðunum innan svæðisins. Þegar liggur þétt net stíga um svæðið og í mörgum tilfellum liggja þeir skammt frá áhugaverðum rústum. Vel má hugsa sér að á næstu árum mætti flétta minjar á Einkunnasvæðinu betur saman við aðrar þætti svæðisins en þegar hafa tveir staðir verið merktir inn á deiliskipulagsuppdrátt svæðisins. Það er því vonandi að minjaskráning á svæðinu og miðlun hennar geti orðið til þess samhliða, að vernda þær minjar sem fundust innan svæðis og að auka á gildi svæðisins með því að miðla upplýsingum um þær.

Rétt er að geta þess í lokinn að þar sem ekki verður hjá raski komið úrskurðar Minjastofnun hvort og með hvaða skilmálum fornleifar megi víkja.

Heimildaskrá

Árb. Fornl 1886: Sigurður Vigfússon. 1886. „Rannsókn í Borgarfirði 1884“. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags*, bls. 1-51.

Árb. Fornl. 1908: Brynjúlfur Jónsson. 1908. „Rannsóknir fornleifa sumarið 1907“. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags*, bls. 9-31.

Björn Lárusson. 1967. *The Old Icelandic Land Registers.* Gleerup. Lund.

BB: *Byggðir Borgarfjarðar I-III*. 1989-1993. Búnaðarsamband Borgarfjarðar. Borgarnes.

DI: *Diplomatarium Islandicum* eða Íslenzkt fornbréfasafn I-XVI. 1853-1976. Kaupmannahöfn Reykjavík.

Dönsku herforingjaráðskortin. Kort 26 NA Borgafjörður-Borg. 1: 50.000 Gerð árið 1911. Hlaðið niður af vefnum http://islandskort.is/is/map/show/663 þann 10.05.2015.

ÍF: *Íslenzk fornrit*. 1933-. Reykjavík.

Jarðabréf frá 16. og 17. öld. Útdrættir. 1993. Gunnar F. Guðmundsson bjó til prentunar. Kaupmannahöfn.

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín III-IV*. 1925,1927 og 1943. Kaupmannahöfn.

JJ: *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi af búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* 1847. Gefið út af J. Johnsen. Kaupmannahöfn.

Kristian Kålund. 1985. *Íslenskir sögustaðir II: Vestfirðingafjórðungur*. Örn og Örlygur. Reykjavík.

Kristleifur Þorsteinsson. 1940-1960. *Úr byggðum Borgarfjarðar I-III.* Reykjavík. (í fornleifaskrá skamstafað ÚBBII)

Sturl: *Sturlunga saga I-II*. 1988. Örnólfur Thorsson ritstj.. Svart á hvítu. Reykjavík.

Sýslu- *og sóknarlýsingar Hins íslenska bókmenntafélags: Mýra- og Borgarfjarðarsýslur*. 2005. Guðrún Ása Grímsdóttir og Björk Ingimundardóttir sáu um útgáfuna. Sögufélag og Örnefnastofnun Íslands. Reykjavík Sýslulýsingar 1744-1749. 1957. Bjarni Guðnason gaf út. (Sögurit 28). Reykjavík. 177

Óútgefið efni

Sýslumaðurinn í Borgarnesi

Landamerkjalýsing Hamars. Sigurður Finnsson og Einar Sigurðsson rituðu 21. desember 1883.

Fornleifastofnun Íslands:

ÍSLEIF, gagnagrunnur um íslenskar fornleifar.

Heimildamaður:

Þorsteinn Eyþórsson fæddur 10.3.1954.

Þjóðskjalasafn Íslands:

Túnakort: Túnakort frá 1916-1920. Jarðadeild.

Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum:

Ö-Borg: Örnefnaskra Borgar. Ari Gíslason skráði. Upplýsingar veittu Egill Einarsson (f.1894) frá Borg og Einar Ásgeirsson. Ártal vantar.

Ö-Hamar: Örnefnaskrá Hamars. Ari Gíslason skráði. Upplýsingar veitti Kristófer Jónsson. Ártal vantar.

Viðhengi 1:

Hnitaskrá í ISN93

Samtala	X-hnit	Y-hnit
MH-108:017	360965.35	458104.15
MH-108:022	360785.66	457993.5
MH-108:024	361223.33	459427.99
MH-108:025A	361621.35	459658.16
MH-108:025B	361615.24	459663.29
MH-108:029	361173.43	459608.07
MH-108:030	361566.12	459985.38
MH-108:030A	361568.89	459988.93
MH-108:030B	361565.53	459985.77
MH-108:031A	361708.73	459814.77
MH-108:031B	361689.99	459803.13
MH-108:032	361763.95	459749.09
MH-108:040	360631.82	458017.56
MH-108:041	360372.85	458163.12
MH-108:042A	362244.22	459152.26
MH-108:042B	362272.42	459115.77
MH-108:042C	362311.28	459064.88
MH-108:043	361226.68	458938.65
MH-108:044A	360310.72	458086
MH-108:044B	360295.34	458082.26
MH-108:044C	360302.04	458072.2
MH-108:044D	360323.15	458078.51

MH-108:044E	360327.09	458078.9
MH-108:045	361524.51	458878.89
MH-108:046A	360363.78	458064.9
MH-108:046B	360368.31	458057.6
MH-108:046C	360365.75	458056.22
MH-108:047	361342.46	458146.36
MH-108:048	360407.76	458071.41
MH-108:049	361323.33	458140.83
MH-108:050	360395.73	458035.12
MH-108:051	360875.8	458132.75
MH-110:028	360578.76	457925.65

Fornleifar innan deiliskipulagsreits
108030A-C
108031A-B
108032
108025A-B
108029
108024
108042A-C
108043
108045
108041
108051
108017
108049
108047
108044A-E
108048
108046A-C
108050
108040
108022
110028
Hnitsettar fornleifar
Uppmældar fornleifar
Mörk deiliskipulagsreits
0
250
500
metrar
MH110_027

EINKUNNIR - FÓLKVANGUR Í BORGARBYGGÐ

DEILISKIPULAG - YFIRLITSKORT



FÓLKVANGURINN EINKUNNIR - GREINARGERÐ

1. AÐDRAGANDI DEILISKIPULAGS

Bæjarráð Borgarbyggðar samþykkti 16. júní 2004 að hefja undirbúning á breytingu á Einkunnum og uppbyggingu á Álatjarnarsvæði í Borgarbyggð. Vinnuhópur á vegum sveitarstjórnar Borgarbyggðar um uppbyggingu á Álatjarnarsvæðis í Einkunnum skilaði inn í janúar 2006 skýrslu undir á fundum uppbyggingu þess. Lagt var til á fundi bæjarráðs Borgarbyggðar að „Einkunnir“ og svæðið í kringum vatnið á þeim verði gerð á fólkvangur, sbr. 55. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999. Í kjölfar á hópsins var unnið að tillögu um deiliskipulag á svæðinu í samræmi við ákvæði náttúruverndarlaga. Á fundi sínum 21. júní 2006 samþykkti bæjarráð Borgarbyggðar tillögu um deiliskipulag á svæðinu í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 73/1997 og var hún auglýst í samræmi við 41. gr. sömu laga. Á fundi sínum 16. mars 2006 samþykkti bæjarráð Borgarbyggðar tillögu um breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2005-2017 vegna Álatjarnarsvæðis í Einkunnum